

Erindisbréf

Vísindaráðs Landspítala - háskólasjúkrahúss

Við Landspítala - háskólasjúkrahús starfar vísindaráð sem er stjórnarnefnd og framkvæmdastjórn til ráðgjafar um vísindastarf á sjúkrahúsinu. Það á við um vísindastefnu sjúkrahússins gagnvart háskólastofnunum og einkafyrirtækjum hér á landi eða í öðrum löndum.

Vísindaráð LSH er skipað sjö mönnum til fjögurra ára, sbr. ákvörðun framkvæmdastjórnar 15. mars 2005.

Vísindaráð hefur það hlutverk að sjá um kynningu á vísindastarfi sem fram fer á spítalanum. Árlega skulu haldnir vísindadagar þar sem markverðar vísindaniðurstöður eru kynntar fyrir starfsfólki spítalans, fræðimönnum og almenningi. Þá skal vísindaráð vera til ráðgjafar við veitingu viðurkenninga fyrir vísindastörf á Landspítala - háskólasjúkrahúsi.


Vísindaráð á aðild að úthlutun styrkja úr Vísindasjóði Landspítala - háskólasjúkrahúss samkvæmt reglum sjóðsins. Vísindasjóður Landspítala - háskólasjúkrahúss starfar skv. ákvörðun stjórnarnefndar, dags. 22. mars 2001.

Vísindaráð skal vera skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar til ráðgjafar um þau verkefni hennar sem snúa að háskóla- og vísindastarfi og þróun heilbrigðisvísinda.

Vísindaráð skal í upphafi hvers árs gera framkvæmdastjórn spítalans grein fyrir verkefnum fyrra starfsárs, svo og áætlunum komandi árs. Skal þetta vera starfsmönnum spítalans aðgengilegt, sem og fundargerðir ráðsins.

Starf vísindaráðs telst til yfirstjórnar spítalans og skal kostnaður aðgreindur í bókhaldi ef einhver.

Reykjavík 28. desember 2005



Magnús Pétursson
forstjóri